Nr. 3.
1.
apríl.

Reglugjörð

fyrir

veðdeild landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavaxtabrjefa samkvæmt lögum nr. 27, 20. október 1905.

---

1. gr.

Tilgangur veðdeildarinnar er að veita lán um langt árabil og með vægum vaxtakjörum gegn veði í fasteignum, svo og gegn veði í eignum og tekjum bæjar-sýslu- og sveitarfjelaga.

2. gr.

Tryggingarfje veðdeildarinnar leggur landsbankinn til, og skal það aldrei nema minni upphæð en $^1/_6$ af verðhæð útgefinna bankavaxtabrjefa þeirra, er óinnleyst eru á hverjum tíma. Tryggingarfjeð skal vera að helmingi í ríkisskuldabrjefum og að helmingi í bankavaxtabrjefum, sem útgefin eru samkvæmt lögum 12. jan. 1900 og 25. sept. 1902, og miðast upphæð tryggingarfjárins við gangverð verðbrjefa þessara. Landstjórnin varðveitir tryggingarfjeð, en vextir af því renna í landsbankann.

3. gr.

Leggja skal í varasjóð tekjuafgang þann, sem kann að verða samkvæmt árlegum reikningsskilum veðdeildarinnar. Sýni reikningsskilin tekjuhalla deildinni á hendur, skal hann greiddur úr varasjóði. Fje varasjóðs má að eins verja til að kaupa fyrir trygg verðbrjef, sem auðvelt er að koma í peninga.

4. gr.

Veðdeildin gefur út skuldabrjef, sem hljóða á handhafa (bankavaxtabrjef), en má nafnskrá í deildinni og verða þau kölluð 2. flokkur (sería) bankavaxtabrjefa hennar. Öll upphæð þeirra má eigi fara fram úr 3 miljónum króna, og að öðru leyti er upphæð þeirra bundin við upphæð tryggingarfjárins samkvæmt 2 grein; eigi mega heldur nokkru sinni vera í veltu bankavaxtabrjef, er nemi meiru en veðskuldabrjef þau, er veðdeildin á.

5. gr.

Upphæð bankavaxtabrjefanna skal talin í gjaldgengum peningum, og skulu brjefin samin bæði á íslenzku og dönsku eptir fyrirmynd, er stjórnin fyrirskipar, en ráðherrann,

Oversættelse.

Reglement

Nr. 3.
1.
April.

for

Landsbankens Hypotekafdeling angaaende Udstedelse af en ny Serie Bankobligationer i Henhold til Lov Nr. 27 af 20de Oktober 1905.

§ 1.

Hypotekafdelingens Bestemmelse er at aabne Adgang til Laan mod Pant i fast Ejendom for et længere Tidsrum og med billige Rentevilkaar, samt mod Sikkerhed i By-, Syssel- og Repskommuners Ejendele og Indtægter.

§ 2.

Hypotekafdelingens Garantifond tilskydes af Landsbanken og skal aldrig udgøre mindre end $^1/_6$ af de til enhver Tid udstedte og ikke indløste Bankobligationers Beløb. Garantifonden skal anbringes med Halvdelen i Statsobligationer og med Halvdelen i Bankobligationer udstedte i Henhold til Lov 12te Januar 1900 og Lov 25de Septbr. 1902, og dens Størrelse beregnes efter deres Kurs. Garantifonden forbliver i Regeringens Værge, men Landsbanken oppebærer Renterne af samme.

§ 3.

Det Overskud, som Hypotekafdelingens aarlige Opgørelse maatte udvise, henlægges til Reservefonden. Udviser Opgørelsen Tab for Afdelingen, dækkes dette af Reservefonden. Dennes Midler maa kun anbringes i solide og let realisable Pengeeffekter.

§ 4.

Hypotekafdelingen udsteder Obligationer, der lyde paa Ihændehaveren (Bankobligationer), men kunne noteres paa Navn hos Afdelingen; Obligationerne blive at benævne 2. Serie af Hypotekafdelingens Bankobligationer. Deres samlede Beløb maa ikke overstige 3 Millioner Kroner, og iøvrigt er deres Beløb afhængigt af den i § 2 omhandlede Garantifond; ej heller maa der til nogen Tid cirkulere et større Beløb af Bankobligationer end det Beløb af Panteobligationer, som Hypotekafdelingen ejer.

§ 5.

Bankobligationerne skulle lyde paa gangbar Mønt og affattes efter den af Regeringen anordnede Formular med saavel islandsk som dansk Tekst, samt underskrives

Nr. 3. 1. apríl. og stjórn landsbankans rita undir þau. Í bankavaxtabrjefunum skal vera útdráttur úr reglugjörð þessari, bæði á íslenzku og dönsku. Upphæðir þeirra skulu vera 1000, 500 og 100 kr. og skal hver flokkur hafa sjerstakt bókstafseinkenni og hvert vaxtabrjef vera tölusett. Ásamt bankavaxtabrjefunum skal afhenda stofna (talons) með vaxtamiðum til 20 ára að minnsta kosti, og þegar hinn síðasti þeirra er fallinn í gjalddaga og innleystur, skal gefa út nýjan stofn með vaxtamiðum jafnframt og hinum eldra stofni er skilað aptur.

6. gr.

Af bankavaxtabrjefunum skal á ári hverju svara í vöxtu $4\frac{1}{2}$ %, er greiðist tvisvar á ári, 2. janúar og 1. júlí með helming upphæðar í hvert skipti gegn afhendingu vaxtamiðans. Vaxtamiðar, sem fallnir eru í gjalddaga, skulu innleystir við landsbankann í Reykjavík og við hinn danska »Landmandsbank, Hypothek- og Vexelbank« í Kaupmannahöfn, þó er bankastjórninni heimilt að kveða svo á, að þeir verði innleystir við einhvern annan hinna stærri banka í Kaupmannahöfn og skal hún þá auglýsa það með 3 mánaða fyrirvara í blöðum þeim, sem nefnd eru í 16. gr. Sömuleiðis skulu þeir gjaldgengir til lúkningar sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs, og skal gjaldheimtumaður innleysa þá, ef hann hefur fyrir hendi peninga, er greiðast eiga í landssjóð.

7. gr.

Fje veðdeildarinnar má lána gegn veði í jarðeignum og húseignum með lóð í kaupstöðum og verzlunarstöðum, en gegn veði í húseignum því að eins, að þær sjeu vátryggðar í vátryggingarstofnun, er bankastjórnin telur góða og gilda. Eigi má lána nema gegn fyrsta veðrjetti. Lánsupphæðin má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði fasteignarinnar. Þegar veðdeildin tekur jarðir að veði, má virða jarðarhúsin með eigninni, og gjörist þess eigi þörf að þau sjeu vátryggð, ef verð þeirra nemur eigi $\frac{1}{4}$ af virðingarverði jarðarinnar. Öll önnur hús skal virða sjerstaklega og vátryggja, ef verð þeirra á að koma til greina við lánveitingar gegn veði í eigninni.

8. gr.

Eignir þær, er veðdeildin tekur að veði, skulu tveir óvilhallir menn dómkvaddir eða tilnefndir af hlutaðeigandi lögreglustjóra, þeir er nauðsynlega þekkingu hafa á slíku, virða á kostnað lánþega. Þó getur stjórn landsbankans, þegar henni eptir atvikum finnst ástæða til þess, sjálf nefnt til menn þá, er virða skulu. Eignirnar skal meta til þess verðs, sem þær eptir beztu vitund virðingarmanna hafa í kaupum og sölum, og skal virða þær með kvöðum þeim, er á þeim hvíla, hvort heldur eru skattar eða afgjöld. Í virðingargjörðunum skal eignunum ýtarlega og greinilega lýst. Sje það jarðeign, skal tilgreina dýrleika hennar, hve mörg kvígildi henni fylgi, upphæð afgjaldsins, hlunnindi hennar og kvaðir þær, er á henni kunna að hvíla. Ennfremur skal taka fram allt það, er lýtur að ásigkomulagi jarðarinnar í heild sinni og ræktunarástandi hennar, hvernig viðhaldi bygginga á jörðinni sje varið og önnur sjerstök atvik, er hljóta að hafa áhrif á verðmæti jarðarinnar, svo sem hvort hún liggur undir skemmdum af vatnagangi, skriðum, sandfoki o. fl. Þegar virtar eru húseignir, skal nákvæmlega lýsa hverri einstakri byggingu, tilgreina stærð hennar, hve mörg herbergi í henni eru, telja til allt múr- og naglfast, er henni fylgir, svo sem ofna, járneldstór o. fl., efni það, er byggingarnar eru byggðar úr, og að svo miklu leyti sem unnt er, gæði þess og ennfremur aldur bygginganna og viðhald. Að lokum

Nr. 3. Reglugjörð 1. apríl fyrir veðdeild landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavaxtabrjefa samkvæmt lögum nr. 27, 20. október 1905.

af Ministeren og Landsbankens Bestyrelse. I Bankobligationerne optages et Uddrag af nærværende Reglement i saavel islandsk som dansk Tekst. De udfærdiges i Summer paa 1,000 Kr., 500 Kr. og 100 Kr., hver af disse Størrelser med sit særlige Litra, og hver Obligation forsynes med Løbenumer. Med Obligationerne udleveres Talons med Renteanvisninger for mindst 20 Aar, og naar den sidste er forfalden og indleveret, erholdes ny Talon og Renteanvisninger imod den ældre Talons Tilbagelevering.

§ 6.

Af Bankobligationerne svares i aarlig Rente 4½ pCt., der erlægges i to Terminer, den 2den Januar og 1ste Juli med Halvdelen i hver Termin mod Aflevering af den tilsvarende Renteanvisning. Forfaldne Renteanvisninger indfries ved Landsbanken i Reykjavik og den danske Landmandsbank, Hypotek- og Vekselbank i Kjøbenhavn, dog at det ved en Bekendtgørelse fra Bankbestyrelsen med 3 Maaneders Varsel i de i § 16 nævnte Aviser kan bestemmes, at Indfrielsen sker ved en anden af de større Banker i Kjøbenhavn. De skulle derhos til Betaling af Skatter og andre Afgifter til Landskassen modtages af dennes Oppebørselsbetjente, der ogsaa skulle indløse dem, for saa vidt de have Penge mellem Hænder, som skulle indbetales i Landskassen.

§ 7.

Hypotekafdelingens Midler udlaanes imod Pant i Jordejendomme og i Husejendomme i Købstæder og Handelssteder med tilhørende Grund, imod Pant i Huse dog kun, for saa vidt de ere brandforsikrede i en af Bankbestyrelsen som betryggende anerkendt Brandforsikring. Udlaan maa kun finde Sted paa 1ste Prioritet. Den udlaante Sum maa ikke overstige Halvdelen af den faste Ejendoms Vurderingsværdi. Naar Hypotekafdelingen modtager Jordejendomme til Pant, kan Jordens Bygninger vurderes under eet med Ejendommen, og uden at de behøve at være brandforsikrede, saafremt deres Værdi ikke overskrider ¼ Del af Jordens Vurderingssum. Alle andre Bygninger skulle vurderes særskilt og være brandforsikrede, hvis deres Værdi skal tages i Betragtning ved Udlaan mod Pant i Ejendommen.

§ 8.

De Ejendomme, som Hypotekafdelingen modtager som Pant, skulle paa Laantagerens Bekostning vurderes af 2 uvillige af Retten eller vedkommende Politimester udmeldte Mænd, der ere i Besiddelse af den fornødne Sagkundskab. Dog kan Landsbankens Bestyrelse, naar den af særlige Grunde finder Anledning dertil, selv udnævne Vurderingsmændene. Ejendommene bør ansættes til den Værdi, som de efter Vurderingsmændenes bedste Skønnende have i Handel og Vandel, og vurderes med de paa samme hvilende Byrder af Skatter og Afgifter. I Forretningerne bør Ejendommene fuldstændig og nøjagtig beskrives. Er det en Jordejendom, bør dens Dyrhed, Antallet af de faste Kvilder, Størrelsen af de jorddrotlige Afgifter, dens mulige Herligheder samt de den paahvilende Servituter anføres. Endvidere skal det fornødne angives angaaende Jordens hele Beskaffenhed og Kulturtilstand, de til Jorden hørende Bygningers Vedligeholdelsestilstand, og de andre særegne Omstændigheder, som maa have Indflydelse paa dens Værdi, saasom om den er udsat for Beskadigelse ved Oversvømmelse, Jordskred, Sandflugt og deslige. Ved Vurderingen af Husejendomme bør hver enkelt Bygning nøjagtig beskrives med Angivelse af dens Dimensioner, Antallet af de i samme indrettede Værelser, dens mur- og nagelfaste Appertinentier, saasom Kakkelovne, Komfur m. v., det Materiale, hvoraf Bygningerne ere opførte og saa vidt muligt dettes Kvalitet, samt endvidere Bygningernes Alder og

Nr. 3. Reglement af 1. April for Landsbankens Hypotekafdeling angaaende Udstedelse af en ny Serie Bankobligationer i Henhold til Lov Nr. 27 af 20. Oktober 1905.

Nr. 3. 1. apríl.

skal í virðingargjörðinni tekið fram, hve stór lóð sú sje, er húseigninni fylgir, og hvernig ásigkomulag hennar sje.

Hafi hinn núverandi eigandi fengið eignina að kaupum, skal kaupverðs hennar getið

9. gr.

Þyki bankastjórninni þess þörf, getur hún krafizt þess, að sýslunefndir segi álit sitt um verð fasteigna í sýslufjelaginu, svo og að bæjarfógetar og hreppstjórar fyrir hæfilega þóknun, er landstjórnin ákveður og veðdeildin borgar, hafi eptirlit með eignum þeim, sem í kaupstaðnum eða hreppnum eru veðsettar veðdeildinni.

10. gr.

Lán þau, er veðdeildin veitir, skulu standa á hundruðum, og er henni heimilt að greiða þau hvort hún vill heldur í peningum eða með bankavaxtabrjefum eptir ákvæðisverði þeirra, en lánþegi hefir þá rjett til að heimta, að bankastjórnin ókeypis annist um að koma bankavaxtabrjefunum í gjaldgenga peninga, gegn því að hann greiði útlagðan kostnað, er af því leiðir. Veðdeildin getur þá selt brjefin eins og þau bezt ganga, eða tekið þau eptir gangverði.

11. gr.

Til þess að menn geti fengið lán úr veðdeildinni, verða menn að fullnægja þeim skilmálum, er nú skal greina:

a. Útvega virðingargjörð samkvæmt því sem segir í 8. gr.
b. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt afsals- og veðmálabókunum um, hvort nokkur veðskuld eða önnur eignarbönd liggi á eigninni og hver þau sjeu, svo að það sjáist að þau sjeu eigi því til fyrirstöðu, að eignin geti orðið veðsett veðdeildinni með 1. veðrjetti.
c. Útvega vottorð hlutaðeigandi embættismanns samkvæmt embættisbókum hans um, að hlutaðeigandi hafi þinglesna eignarheimild fyrir eigninni, eða sje það eigi unnt, þá vottorð hans um, að eignin sje vitanlega hans eign.
d. Sje um sveitarlán að ræða, skal leggja fram samþykki hlutaðeigandi stjórnarvalda til lántökunnar, og skýrslu um efnahag sveitarfjelagsins (fjárhagsreikning).

12. gr.

Lánum þeim, er veðdeildin veitir, má hún eigi segja upp, meðan lánþegi gegnir að öllu leyti skyldum þeim, er hann hefur undir gengizt. En ef ákvæðisgjöld hans eigi eru greidd á rjettum gjalddaga, eða ef veðið gengur svo úr sjer, að það er eigi lengur fulltryggjandi eptir því, sem ákveðið er, eða haldi skuldunautur ekki vátryggðum húseignum, sem áskilið er að vátryggðar sjeu (sbr. 7. gr.), eða falli á veðið eptirstöðvar af sköttum eður afgjöldum, er ganga fyrir kröfu veðdeildarinnar, er bankastjórninni heimilt að telja eptirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar í stað án uppsagnar.

13. gr.

Verði eigendaskipti að eign, er veðsett er veðdeildinni, er henni heimilt að heimta lánið borgað aptur að öllu eða nokkru leyti.

Vilji hinn nýi eigandi taka að sjer lánið, skal hann þegar í stað tilkynna bankastjórninni eigendaskiptin og innan eins árs senda henni vottorð hlutaðeigandi sýslumanns

Nr. 3. Reglugjörð 1. apríl fyrir veðdeild landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavaxtabrjefa samkvæmt lögum nr. 27, 20. október 1905.

Vedligeholdelsestilstand. Endelig bør Forretningen indeholde Oplysning om den Husejendommen følgende Grunds Størrelse og Beskaffenhed.

Er Ejendommen af den nuværende Ejer erhvervet ved Køb, bør Salgsprisen angives.

§ 9.

Naar Bankens Bestyrelse finder Anledning dertil, kan den forlange, at Sysselforstanderskaberne skulle afgive deres Erklæring om Værdien af Ejendomme indenfor Sysselkommunen, saavel som at Byfogder og Repstyrere for en passende af Regeringen fastsat Godtgørelse, der betales af Hypotekafdelingen, skulle føre Opsyn med de i vedkommende Købstad eller Rep beliggende til Afdelingen pantsatte Ejendomme.

§ 10.

De Laan, som Hypotekafdelingen bevilger, og som skulle være delelige med 100, kan den efter eget Valg udbetale enten i rede Penge eller i Bankobligationer efter disses paalydende Beløb, men i sidste Fald har Laantageren Ret til at forlange, at Bankbestyrelsen uden Godtgørelse, men imod Erstatning af udlagte Omkostninger besørger Obligationerne omsatte i rede Penge. Hypotekafdelingen kan da sælge Obligationerne til den højeste Pris, som de kan udbringes til, eller overtage dem efter Kurs.

§ 11.

For at Laan kan erholdes i Hypotekafdelingen, er det en Betingelse, at der tilvejebringes:

a. En Vurderingsforretning som i § 8 anført;
b. En Attest fra vedkommende Embedsmand overensstemmende med Skøde- og Panteprotokollerne om, hvorvidt nogen Pantebehæftelse eller anden Ejendomsindskrænkning hviler paa Ejendommen, samt hvilke disse ere, saa at det ses at de ikke ere til Hinder for, at Hypotekafdelingen erholder 1ste Prioritet i Ejendommen;
c. En Attest fra vedkommende Embedsmand overensstemmende med hans Embedsbøger om, at den paagældende har tinglæst Adkomst til Ejendommen, eller hvis dette ikke er muligt, da hans Bevidnelse af, at Ejendommen vitterlig er den paagældendes Ejendom.
d. For saa vidt der er Tale om Laan til Kommuner, skal vedkommende Øvrigheders Samtykke til Laanets Optagelse præsteres samt en Beretning om Kommunens Status.

§ 12.

De af Hypotekafdelingen tilstaaede Laan ere uopsigelige fra Afdelingens Side, saalænge vedkommende Laantager i enhver Henseende nøjagtigt opfylder de indgaaede Forpligtelser. Betales derimod ikke de pligtige Terminsydelser til rette Forfaldsdag, eller forringes Pantet saaledes, at det ikke længer afgiver statutmæssig Sikkerhed, eller undlader Skyldneren at holde brandforsikrede de Bygninger (jfr. § 7), hvis Brandforsikring er bleven betinget, eller paadrages Pantet Restancer af Skatter eller Afgifter, der ere fortrinsberettigede i Ejendommen forud for Afdelingens Fordring, er Bankbestyrelsen berettiget til at anse den tilbageværende Rest af Laanet for straks forfalden til Udbetaling uden Opsigelse.

§ 13.

Naar en til Hypotekafdelingen pantsat Ejendom skifter Ejer, er Hypotekafdelingen berettiget til helt eller delvis at forlange Laanet tilbagebetalt.

Saafremt den nye Ejer ønsker at indtræde i Laanet, bør han uopholdelig indberette Ejerskiftet til Bankbestyrelsen og derefter inden 1 Aar indsende en Attest fra

Nr. 3. 1. apríl. eða bæjarfógeta um, að hann sje orðinn eigandi að veðinu, og jafnframt senda yfirlýsingu undirritaða í votta viðurvist um, að hann taki að sjer lánið með öllum þeim skuldbindingum, er því eru samfara. Að öðrum kosti er lánið þegar í stað fallið í gjalddaga án frekari uppsagnar.

14. gr.

Skuldunautar veðdeildarinnar skulu 1. október ár hvert greiða vexti, afborganir og tillög til stjórnarkostnaðar og varasjóðs í einu lagi með jafnri upphæð á hverjum gjalddaga. Sjerhvert lán sem veitt er á öðrum tíma árs en nefndum gjalddaga, skal teljast veitt á næst undanförnum gjalddaga, en á næsta gjalddaga eptir skal bæta lánþega upp vexti og tillög til stjórnarkostnaðar og varasjóðs fyrir tímabilið frá næsta gjalddaga á undan til þess dags, er lánið var útborgað. Tillagið til stjórnarkostnaðar og varasjóðs er ½ af hundraði á ári af upphæð lánsins, eins og hún er fyrir hvern gjalddaga, vextirnir eru 4½ af hundraði á ári af höfuðstól þeim, sem í láni er á hverjum tíma, og afborgunin má eigi nema minna en svo, að láninu sje lokið á 50 árum, sje veðið jarðeign, á 35 árum, sje veðið steinhús eða steinsteypuhús, á 25 árum, sje veðið timburhús, og á 15 árum, sje veðið torfhús. Sje lánið bæjar-sýslu-eða sveitarlán, skal því lokið á eigi lengri tíma en 40 árum.

Á hinum ákveðna gjalddaga má hver lántakandi án undangenginnar uppsagnar greiða aukaafborganir, sem þó standi á hundrað krónum, eða endurborga lánið að öllu leyti. Greiðslur þessar má hann lúka með bankavaxtabrjefum deildarinnar eptir ákvæðisverði þeirra. Lögmætar skulu greiðslur þessar teljast, sjeu þær komnar til veðdeildarinnar fyrir 15. október.

15. gr.

Sjerhver skuldunautur, sem eigi hefur innan 1. nóvember borgað árleg gjöld sín, er hann átti að lúka á næst undangengnum gjalddaga, skal í dráttarvöxtu af nefndum gjöldum greiða 1 af hundraði fyrir hvern mánuð frá gjalddaga til borgunardags, og skal þá sá mánuður, sem komið er fram í, teljast sem heill.

16. gr.

Afborgunum þeim og endurborgunum, er greiddar eru í peningum á hverjum gjalddaga, skal varið til að innleysa bankavaxtabrjef þau, er veðdeildin hefur gefið út, eptir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með og fram fer í viðurvist tveggja manna; annan kveður ráðherrann til þess, hinn bankastjórnin. Þá er hlutkesti hefur fram farið, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara tölurnar á skuldabrjefum þeim, er upp hafa komið til innlausnar, og á hverjum gjalddaga þau verði útborguð. Auglýsinguna skal birta þrisvar í blaði því á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Veðdeildin má og á þann hátt og með þeim fyrirvara, er áður segir, innleysa bankavaxtabrjef í stærri stíl, en hjer segir.

17. gr.

Handhafar eða eigendur bankavaxtabrjefa þeirra, er innleysa skal, geta gegn því að afhenda þau með vaxtamiðum þeim, er þeim fylgja, fengið útborgaðan höfuðstól þeirra á ákveðnum gjalddaga, og greiðast engir vextir af höfuðstólnum upp frá því. Útborgunin fer fram á þeim stöðum, sem nefndir eru í 6. gr.

18. gr.

Höfuðstóll og vaxtafje, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, rennur í varasjóð veðdeildarinnar, sje þess ekki vitjað innan 20 ára frá gjalddaga.

Nr. 3. Reglugjörð 1. apríl fyrir veðdeild landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavaxtabrjefa samkvæmt lögum nr. 27, 20. október 1905.

vedkommende Sysselmand eller Byfoged om, at han er blevet Ejer af Pantet, samt en i Vitterlighedsvidners Overværelse underskreven Erklæring om, at han overtager Laanet med alle de dertil knyttede Forpligtelser. I modsat Fald er Laanet straks forfaldet til Betaling uden videre Opsigelse.

§ 14.

Hypotekafdelingens Debitorer skulle den 1ste Oktober aarlig erlægge Renter, Afdrag og Bidrag til Administrationen og Reservefonden med et samlet Beløb, der er lige stort i hver Betalingstermin. Ethvert Laan, som stiftes udenfor bemeldte Betalingstermin, betragtes som stiftet i den næstforudgaaende Termin, men i den næstpaafølgende Betalingstermin godtgøres Laantageren Rente og Bidrag til Administrationen og Reservefonden for Tidsrummet fra den førstnævnte Termin til Laanets Udbetalingsdag. Bidraget til Administrationen og Reservefonden er ½ pCt. aarlig af Laanets inden hver Termin tilbageværende Beløb. Renten er 4½ pCt. aarlig af den til enhver Tid skyldige Kapital, og Afdraget maa ikke være mindre end at Laanet, naar Pantet er en Jordejendom, er tilbagebetalt i Løbet af 50 Aar, naar det er Sten- eller Betonbygning i Løbet af 35 Aar, naar det er Træbygning i Løbet af 25 Aar og naar Pantet er Jordbygning i Løbet af 15 Aar. Er Laanet et By-, Syssel- eller Repskommunelaan, skal dette være tilbagebetalt i Løbet af højst 40 Aar.

I den fastsatte Betalingstermin kan enhver Laantager uden forudgaaet Opsigelse gøre ekstraordinære Afdrag, der dog skulle være delelige med 100, eller helt tilbagebetale Laanet. Saadan Betaling er han berettiget til at erlægge i Afdelingens Bankobligationer efter paalydende Værdi. Disse Betalinger betragtes som lovlige, hvis de indkomme til Hypotekafdelingen inden den 15de Oktober.

§ 15.

Enhver Debitor, som ikke inden 1ste November har betalt den i den nærmest foregaaende Termin forfaldne aarlige Ydelse, skal i Forhalingsrente erlægge 1 pCt. af bemeldte Ydelse pr. Maaned fra Forfaldsdagen til Betalingsdagen, beregnet for hver paabegyndt Maaned.

§ 16.

De i hver Betalingstermin kontant indgaaede Afdrag og Tilbagebetalinger anvendes til Indløsning af de af Hypotekafdelingen udstedte Obligationer efter Lodtrækning under Kontrol af Notarius publicus og i Overværelse af tvende henholdsvis af Ministeren og Bankbestyrelsen hertil valgte Mænd. Efter Lodtrækningen bekendtgøres med 9 Maaneders Varsel Numrene paa de udtrukne Obligationer, samt i hvilken Termin de ville blive udbetalte. Bekendtgørelsen indrykkes 3 Gange i den til offentlige Bekendtgørelser for Island autoriserede Avis samt i Statstidenden i Kjøbenhavn. Ogsaa i større Omfang har Hypotekafdelingen Ret til paa foranførte Maade og med foranførte Varsel at indløse Bankobligationer.

§ 17.

Ihændehaverne eller Ejerne af de udtrukne Obligationer kunne imod at aflevere disse med tilhørende Renteanvisninger faa Kapitalen udbetalt i den fastsatte Udbetalingstermin, efter hvilken ingen Rente svares af Kapitalen. Udbetalingen sker paa de foran i § 6 ommeldte Steder.

§ 18.

De til Udbetaling forfaldne Kapital- og Rentebeløb, der ikke hæves inden 20 Aar efter Forfaldstiden, hjemfalde til Hypotekafdelingens Reservefond.

Nr. 3. Reglement af 1. April for Landsbankens Hypotekafdeling angaaende Udstedelse af en ny Serie Bankobligationer i Henhold til Lov Nr. 27 af 20. Oktober 1905.

Nr. 3. 1. apríl.

Nú glatast bankavaxtabrjef, sem nafnskráð er í bókum veðdeildarinnar og getur þá bankastjórnin innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur bankastjórnin útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt bankavaxtabrjef með sömu upphæð, sem það er glataðist, án þess nokkur annar er bankavaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir búið kröfu á hendur bankanum.

Um ógilding annara bankavaxtabrjefa og vaxtamiða fer eptir almennum lögum.

19. gr.

Bankavaxtabrjef þau, er innleyst hafa verið með hlutkesti, eða hafa verið notuð til að borga eða afborga lán, má ekki framar setja í veltu, heldur skal ónýta þau undir eins með vaxtamiðum og stofnum (talons) þeirra, á þann hátt að þau með því verði ógild, og leggja þau til geymslu í fjárhirzlu veðdeildarinnar, og skal svo innan loka næsta reikningsárs brenna þau í viðurvist endurskoðenda ásamt með vaxtamiðum þeim, er innleystir hafa verið á síðasta reikningsári.

20. gr.

Hljóti veðdeildin að taka að sjer veð, og hafi það eigi selzt innan hálfs árs frá því deildin tók það að sjer, skal á fyrsta árlega gjalddaga næst eptir draga inn og ónýta svo mikla upphæð bankavaxtabrjefa þeirra, er veðdeildin hefur gefið út, sem svarar þriðjungi skuldar þeirrar til veðdeildarinnar, er á veðinu hvílir, og á tveimur næstu missirisgjalddögum jafnmikla upphæð á hverjum þeirra. Síðan á varasjóðurinn eignina.

21. gr.

Veðdeildinni skal stjórnað af stjórn landsbankans. Ákvæði þau, er sett eru í lögum 18. sept. 1885 um stofnun landsbanka 13., 14., 18.—24. og 26.—28. og 30. gr., 1. lið, og í 3. gr. laga um breyting á nefndum lögum 12. jan. 1900, sbr. þó 3. gr. í lögum nr. 27, 20. okt. 1905, viðvíkjandi sjerstökum hlunnindum fyrir bankann, stjórn hans, reikningsskilum og endurskoðun, skulu einnig gilda um veðdeildina, stjórn hennar og reikningsskil.

22. gr.

Endurskoðunarmenn landsbankans skulu hafa vakandi auga á, að veðdeildinni sje stjórnað samkvæmt ákvæðum þeim, er sett eru fyrir henni, og skulu þeir því einkum gefa gaum að því, sem hjer segir: Þeir skulu hafa gætur á, að aldrei sjeu í veltu bankavaxtabrjef, er nemi stærri upphæð samtals en heimilað er með 4. gr.; þeim ber að yfirfara skjöl hvers láns, sem veitt er, til þess að sjá um, að haldin sjeu ákvæði þau, er sett eru fyrir útláni; þeir skulu hafa stöðugt eptirlit með því, að bankavaxtabrjef þau, er ræðir um í 19. gr., sjeu þannig ónýtt, að ekki sje hægt framar að setja bankavaxtabrjefið eða vaxtamiða þess í veltu; þeir skulu að lokum að minnsta kosti einu sinni á ári sannreyna, að heimafje veðdeildarinnar og veðskuldabrjef m. m. sjeu fyrir hendi.

23. gr.

Sjerstakan reikning skal halda fyrir 2. flokk bankavaxtabrjefanna, enda sje þeim til tryggingar sjerstakur varasjóður, er í hann renna tekjur veðdeildarinnar eptir lögum

Nr. 3. Reglugjörð 1. apríl fyrir veðdeild landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavaxtabrjefa samkvæmt lögum nr. 27, 20. október 1905.

Bankbestyrelsen kan, naar en Bankobligation, der i Hypotekafdelingens Bøger er noteret paa Navn, bortkommer, ved Bekendtgørelse, som indrykkes 3 Gange efter hinanden i det til offentlige Bekendtgørelser i Island bestemte Blad og i Statstidenden i Kjøbenhavn, med 12 Maaneders Varsel indkalde Ihændehaveren af Obligationen. Hvis ingen melder sig med Obligationen i rette Tid, kan Bankbestyrelsen meddele den, paa hvis Navn den er noteret, ny Bankobligation til samme Beløb som den bortkomne, uden at Tredjemand, til hvem Obligationen maatte være overdraget, derfor kan have Tiltale mod Banken.

Med Hensyn til Mortifikation af andre Bankobligationer samt Renteanvisninger forholdes efter den almindelige Lovgivning.

§ 19.

De i Følge Lodtrækningen indfriede eller ved Indbetaling af Laan eller Afdrag paa saadanne benyttede Obligationer maa ingen Sinde igen sættes i Omløb, men skulle tilligemed Renteanvisninger og Talons straks paa en saadan Maade annulleres, at de derved gøres ugyldige, og henlægges i Hypotekafdelingens Kasse, indtil de tilligemed de i Regnskabsaaret indløste Renteanvisninger inden Udgangen af det paafølgende Regnskabsaar i Overværelse af Revisorerne opbrændes.

§ 20.

Naar et Pant maa overtages af Hypotekafdelingen, og det ikke inden et halvt Aar efter Overtagelsen er solgt, skal der i den første derefter indtræffende aarlige Betalingstermin inddrages og annulleres et Beløb af de af Hypotekafdelingen udstedte Bankobligationer, der svarer til en Tredjedel af den paa Pantet hvilende Gæld til Hypotekafdelingen, og i hver af de to første derpaa følgende halvaarlige Terminer et lignende Beløb. Den overtagne Ejendom tilhører derefter Reservefonden.

§ 21.

Hypotekafdelingen bestyres af Landsbankens Bestyrelse. De i Lov om Oprettelsen af en Landsbank af 18de September 1885 §§ 13, 14, 18—24, 26—28 og 30, 1ste Stykke, samt Lov om Forandring i nysnævnte Lov af 12te Januar 1900 § 3, jfr. dog Lov Nr. 27 af 20de Oktober 1905 § 3, om særlige Begunstigelser for Banken, Bankens Bestyrelse, Regnskabsaflæggelse og Revision fastsatte Bestemmelser ere ogsaa anvendelige paa Hypotekafdelingen, dens Bestyrelse og Regnskabsaflæggelse.

§ 22.

Landsbankens Revisorer have at føre nøje Tilsyn med, at Hypotekafdelingen bestyres i Overensstemmelse med de for samme gældende Regler og skulle som Følge heraf særlig iagttage følgende: De skulle føre Tilsyn med, at der ingen Sinde er Bankobligationer i Omløb til et større Beløb end det efter § 4 tilladte; de skulle gennemgaa enhver Laanesag for at paase, at de for Udlaan gældende Bestemmelser ere overholdte; de skulle føre stadigt Tilsyn med, at de i § 19 omhandlede Obligationer ere saaledes annullerede, at hverken Obligationen eller nogen af de til Obligationen hørende Rentekupons paa ny kunne sættes i Omløb; de skulle endelig mindst en Gang aarlig forsikre sig om, at Kassebeholdning saavel som Beholdning af Panteobligationer m. m. er til Stede.

§ 23.

Der skal holdes et særskilt Regnskab for Bankobligationernes 2den Serie, og til Sikkerhed for samme skal der være en særskilt Reservefond, hvortil Hypotekafdelingens Overskud i Henhold til Lov Nr. 27 af 20de Oktober 1905 henlægges. Til Bogholderi, Regn-

Nr. 3. Reglement af 1. April for Landsbankens Hypotekafdeling angaaende Udstedelse af en ny Serie Bankobligationer i Henhold til Lov Nr. 27 af 20. Oktober 1905.

Nr. 3. 1. apríl. nr. 27, 20. okt. 1905. Fyrir bókfærslu, reikningshald og til annars kostnaðar, er af þessu leiðir, má greiða allt að því 2500 kr. á ári.

24. gr.

Veðdeildin tekur að sjer að gefa út bankavaxtabrjef 2. flokks 1. apríl 1906.

25. gr.

Ákvæði þessarar reglugjörðar snerta að engu leyti reglugjörðir þær fyrir veðdeild landsbankans, sem staðfestar voru 15. júní 1900, 21. apríl 1903 og 5. júlí 1905, nje heldur bankavaxtabrjef þau, sem gefin eru út samkvæmt þeim.

Stjórn landsbankans í Reykjavík, 11. des. 1905.

Tryggvi Gunnarsson. Kristján Jónsson. Eirikur Briem.

Framanrituð reglugjörð staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 27, 20. október 1905.

Í stjórnarráði Íslands, 1. apríl 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Nr. 3. Reglugjörð 1. apríl fyrir veðdeild landsbankans í Reykjavík um útgáfu á nýjum flokki (seríu) bankavaxtabrjefa samkvæmt lögum nr. 27, 20. október 1905.

skabsførelse og andre hermed i Forbindelse staaende Udgifter kan der aarlig anvendes indtil 2,500 Kr. **Nr. 3.** 1. April.

§ 24.

Hypotekafdelingen paatager sig at udgive Bankobligationer af 2den Serie den 1ste April 1906.

§ 25.

Nærværende Reglements Bestemmelser vedrøre ikke i nogen Henseende hverken de under 15de Juni 1900, 21de April 1903 og 5te Juli 1905 stadfæstede Reglementer for Landsbankens Hypotekafdeling eller de i Henhold til disse udstedte Bankobligationer.

Bestyrelsen for Landsbanken i Reykjavik, den 11. December 1905.

Tryggvi Gunnarsson. Kristjan Jonsson. Eirikur Briem.

Foranstaaende Reglement stadfæstes herved i Henhold til Lov Nr. 27 af 20. Oktober 1905.

Islands Ministerium, den 1. April 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Nr. 3. Reglement af 1. April for Landsbankens Hypotekafdeling angaaende Udstedelse af en ny Serie Bankobligationer i Henhold til Lov Nr. 27 af 20. Oktober 1905.